



Heiðarbýlin

Fornar rústir á Síðuheiðum, V-Skaftafellssýslu



Bjarni F. Einarsson
2008

Forsíðumyndin sýnir prufuholu í meintan skála í landi Sólheima (Dalbæ) í Landbroti. Sjá má mjög greinilega ljósa rönd þvert á holuna neðarlega, en það er gjóska úr Örafajökulsgosinu 1362. Þar fyrir neðan er gráleitt gjóskulag sem líklega er frá 1206. Neðst í holunni má sjá svart gjóskulag hægra megin, en það er líklega E 934 lagið. Neðst eru veggjaleifar og mannvistarlög frá 9./ 10. öld.

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Júlí 2008

Efnisyfirlit

1 Inngangur	4
2 Markmið rannsókanna	6
3 Aldursgreiningar	9
4 Einhverskonar niðurstaða	11
5 Dagbók 2007	11
6 Heimildir	12

Fylgirit:

A) Fylgiskjal með umsókn Bjarna F. Einarssonar (c/o Fornleifafræðistofan) í Fornleifaþjóð. Bréf frá Dr. Þorvaldi Þórðarsyni, Edinborgarháskóla, dags 12/3-08.	13
B) Geophysical surveys at the “Hall on the Heath”, 27 th June 2002. Preliminary Result. T.J. Horsley, Department of Archaeological Sciences, University of Bradford. UK.	14
C) Fornleifaskrá Sólheima (Dalbæjar). Skaftárhreppur nr. 11:1-2.	18
D) Fornleifaskrá Heiðar. Skaftárhreppur nr. 19:1.	19

1 Inngangur

Fram til ársins 2002 voru aðeins þekktar minjar eins landnámsbýlis í Vestur-Skaftafellssýslu svo að öruggt væri, en það er Böðmóðstunga. Þar er einn af stærstu landnámsskálum á Íslandi að finna. Að auki leikur grunur á að skála sé að finna skammt hjá kumlinu í Hrífunesi og við Leiðólfsfell.

Á síðustu árum hafa fornleifafræðingar Fornleifafræðistofunnar unnið að því ásamt heimamönnum að skrá minjar á Síðu og hafa á þessum tíma fundist og verið staðfestir sex áður ókunnir meintir minjastaðir sem líkur eru til að séu frá landnámsöld á afar takmörkuðu svæði auk annarra áhugaverðra minjastaða, m. a. frá miðöldum. Nú er svo komið að á Síðu þekkist að líkum eitt þéttbýlasta landnámssvæði á Íslandi.

Rannsóknarverkefnið „*Fornbyggð á Síðu*“ eða „*Heiðarbylin*“ hefur það að markmiði á næstu árum að vinna forrannsóknir á nokkrum þeirra meintu landnámsbýla sem þar hafa fundist á undanförunum árum og að halda áfram leit og skráningu þeirra. Með niðurstöður forrannsóknanna að leiðarljósi verður lagt út í viðameiri rannsóknir á þeim stöðum sem þykja veita hvað mestar upplýsingar um landnámssamfélagið á Síðu. Rannsóknarverkefnið mun leitast við að svara spurningum eins og: Hver voru tengsl bæjanna innbyrðis? Hvaða valda- og áhrifamynstur bæja og einstaklinga er hægt að lesa úr fornleifunum? Er hugsanlegt að greina sérkenni landnáms-samfélagsins á Síðu? Hvenær fór þessi byggð í eyði og af hverju? Er gosið í Eldgjá árið 934 áhrifavaldur í þessum efnunum?

Fyrstu skref verkefnisins er að halda áfram að grafa prufuholur í nokkra af þessum meintu landnámsstöðum til að freista þess að fá viðarkola- og gjóskusýni til aldursgreininga. Fyrst verða viðarkolasýnin send á Mógilsá þar sem þau verða greind til tegundar og heppilegir molar valin til að aldursgreina með C-14 geislakolsgreiningu. Gjóskusýnin verða send beint utan til Edinborgar þar sem dr. Þorvaldur Þórðarson mun sjá um efnagreiningu á þeim og greiningu á uppruna (eldstöð og aldur).

Sérstakar þakkir fá Björn Jónsson á Sólheimum, frv. skólastjóri fyrir að sýna okkur skálann og greiða kostnað vegna C-14 greinginarinnar á

viðarkolasýni úr skálanum í Sólheimum og Júlíus Oddson á Mörk fyrir að sýna okkur skála á heiðunum. Einnig á sveitarfélagið þakkar skyldar fyrir að hýsa okkur og fæða á meðan á rannsókn stóð á heiðinni. Að lokum þakka ég þeim Söndru Sif Einarsdóttur, Sindra Ellertssyni Csillag, Ármanni Guðmundssyni, Böðvari Þór Unnarssyni og Sonju Shcäfer fornleifafræðingum fyrir aðstoðina á vettvangi, en þau gáfu öll vinnu sína.

Myndir 1 og 2 Til vinstri er ljósmynd af meintum skála í landi Sólheima í Landbroti. Til hægri er séð suður eftir skálarúst á Geirlandsheiði (Ljós. Bjarni F. Einarsson).




Myndir 3 og 4 Til hægri er ljósmynd af meintum skála við mynni Fjaðrárgljúfur og til vinstri er litið yfir meinta skálarúst við Fjánhól (Ljós. Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson).



3 Markmið rannsókanna:

Saga rannsóknarverkefnisins um fornbyggðina á Síðu á rætur að rekja áratugi aftur í tímann. Um langt skeið safnaði Þórður Tómasson, safnstjóri Byggðasafnsins að Skógum, heimildum um byggðina þar og ferðaðist um heiðarnar og skráði hjá sér minjastaði. Í hans safni eru nú upplýsingar um fjölda staða sem ekki eru til í fornleifaskrá, þ.e. hafa hvorki verið staðsettir



Mynd 5. Niðurstöður segulmælinga á Heiði á Geirlandsheiði. Viðnámsmælingar gáfu ekki alveg jafn skýra niðurstöðu og segulmælingarnar (Horseley, T.J., 2003).

nákvæmlega, teiknaðir upp né metnir með minja- eða varðveislugildi í huga og þaðan af síður rannsóknargildi.

Árið 2004 hófst samstarf Fornleifafraeðistofunnar og Byggðasafnsins að Skógum. Samstarfið fólst í því að skrá á vettvangi minjastaði á heiðunum,

staðsetja minjarnar með GPS - mælingu og teikna þær upp samkvæmt útliti þeirra á yfirborði. Þórður Tómasson veitti ráðgjöf við skráninguna (sjá Kristján Mímisson og Sandra Sif Einarsdóttir, 2005). Rannsóknirnar nú eru sjálfstætt framhald þessa samstarfs. Nýr samstarfsaðili hefur komið í staðinn, en það er dr. Þorvaldur Þórðarson, lektor við jarðfræðideild háskólans í Edinborg í Skotlandi (sjá fylgirit A).

Nú eru sjö bæir á Síðuheiðum og Landbroti fundnir og taldir vera frá landnámsöld. Þessir staðir eru: áður óþekkt býli við Fjánhól í landi Heiðar, tveir meintir landnámsskálar á Geirlandsheiði, annar austan við ás þann er Smalaskáli heitir, en honum hefur verið gefið nafnið Heiði og hinn við rústir Geirlandsells við Merkurá, meintur skáli í landi Sólheima í Landbroti, meintur skáli vestan við Fjaðrárgljúfur og að síðustu hinn þekkti skáli að Böðmóðstungu. Einnig má nefna að C-14 greiningar frá Kirkjubæjarklaustri gefa tilefni til að ætla að þar hafi verið búið á landnámsöld og eru bæirnar þá átta.

Meintur skáli á Heiði var jarðsjármældur með viðnáms- og segulmælingum árið 2002 (Kristján Mímisson og Sandra Sif Einarsdóttir 2005:20, mynd 5 hér að neðan og fylgirit B). Síðastliðið sumar voru grafnar tvær prufuholur í og við skálann og viðarkolasýni tekin. Var annað þeirra C-14 greint og reyndist aldur þess vera um 1100 ár (sjá mynd 7).

Í meintan skála í Sólheimum var grafin prufuhola sumarið 2006 og á 2 m dýpi komu í ljós torfveggur og mannvistarlög með viðarkolum (sjá forsíðumynd). Sýni var tekið og sent í C-14 greiningu og var niðurstaðan sú að þarna voru minjar frá því um 900 AD (sjá mynd 6). Nánar verður fjallað um C-14 greiningarnara tvær sem þegar liggja fyrir í næsta kafla hér að neðan.


Markmið rann-sóknanna er auk þeirra sem áður er getið að aldursgreina eins nákvæmlega og hægt er meint eyðibýli á Síðuheiðum, bæði með C-14 greiningum og gjóskugreiningum. Tilgátan er sú að býli þessi sum hver hafi farið í eyði árið 934 AD þegar mikið gos átti sér stað í Eldgjá (gjóskan úr

gosinu kallast E1) og að heil byggð hafi farið í eyði án þess að nokkrar heimildir séu til um það.

3 Aldursgreiningar

Nú þegar liggja fyrir tvær C-14 aldurs-greiningar eins og áður hefur komið fram, annars vegar frá meintum skála í landi Sólheima og hins vegar meintur skáli á Geir-landsheiði, kallaður Heiði.

Niðurstaða greiningarinnar á Sólheimasýninu er sú að viðarkolin séu einhvern tímann frá tímabilinu 790 - 990 AD miðað við 2 sigma staðalfrávik. Sé hins vegar miðað við 1 sigma staðalfrávik er sýnið einhvern tímann



Mynd 6. Niðurstaða C-14 greiningarinnar á sýni frá meintum skála í landi Sólheima í Landbroti (sjá forsíðumynd. Beta Analytic Inc.).

frá tímabilinu 880 - 970 AD. Skurðpunktur kúrfunnar er við 900 AD (mynd 6). Gjóska úr prufuholunni var ekki efnagreind, en líklega er hún eins og lýst er á forsíðumyndinni. Þessi niðurstaða, og gjóskan í prufuholunni, styðja frekar en ekki þá ályktun að býlið hafi farið í eyði í gosinu í Eldgjá 934.


Sýnið frá Heiði er miðað við 2 sigma staðalfrávik frá tímabilinu 990 - 1160 AD. Miðað við 1 staðalfrávik er það frá 1020 - 1040 og/eða 1100 - 1120 AD. Skurðpunktur var við 1130 AD (Mynd 7). Þetta er talsvert yngra en reiknað var með, en niðurstaðan er ekki alveg nógu nákvæm þar sem hún lendir á vondum stað á kúrfunni og gefur tvær niðurstöður. Gjóska úr prufuholunni er enn í greiningu, en ýmislegt benti til þess að húsið væri byggt ofan á landnámslaginu frá 871 ± 2 og að sú gjóska hafi ekki ratað í torfveggina. Þetta styrkir niðurstöðu C-14 greiningarinnar og því er sú ályktun dregin að skálinn hafi verið byggður talsvert eftir að Eldgjá gaus árið 934 og því sé Heiði dæmi

um tilraun manna til að endurheimta búsvæði sín eftir gosið.

Báðar niðurstöðurnar sýndu að hafrænna áhrifa gætti ekki í sýnunum sbr. C13/C12 stuðlana.

4 E i n h v e r s k o n a r niðurstaða

Nú hafa prufuholur verið grafnar í tvo meinta skála í Vestur - Skaftafellssýslu og báðir eru þeir býsna gamlir, þó annar sé sýnu eldri eða frá fyrstu árum byggðar í landinu. Hinn gæti verið eitthvað yngri, líklega um 100 árum eða svo. Líkur eru til að sá eldri þeirra, Sólheimaskálinn, hafi farið í eyði við gosið í Eldgjá árið 934, en hinn hafi verið byggður talsvert eftir gosið og fólk hafi hugsanlega verið að reyna að endurheimta búsvæði sín þegar áhrifa



Mynd 8. Snið prufuholu í miðjum skála Heiðar. Ljósra þunna lagið ofarlega er túlkað sem 1362. Þar rétt neðan við er gráblátt lag sem er trúlega frá 1206. Þar fyrir neðan er gólfið sem liggur að rauðbrúnu lagi sem aðeins nær hluta sniðsins t. h. Það gati verið set í skálanum. (Horft til SA. Ljósm. BFE).

gossins gætti ekki lengur. Þetta á þó eftir að staðfesta enn þar sem bær frá því fyrir 934 hefur enn ekki verið staðfestur á sjálfri heiðinni. Jarðlagaskipan á Heiði bendir til þess að byggðin þar hafi líklega ekki staðið lengi yfir. Löngu síðar brutu menn sér þó aftur lönd á heiðunum, en þá var öldin önnur. Önnur skýring á aldursmun býlanna tveggja gæti verið sú að byggðin niðri á láglandinu hafi orðið verr úti en sú á heiðum uppi, hafi hún verið þar strax í upphafi landnáms. Því hafi menn leitað upp til heiða til að byrja upp á nýtt. Frekari rannsóknir varpa vonandi skýrari ljósi á þetta og þá þarf að finna skála á heiðinni sem er eldri en 934. Það verður markmið sumarsins 2008.

5 Dagbók 2007

28. júlí 2007

Komum þrjú á staðinn til að grafa prufuholu í skálann. Valinn var staður yfir þar sem jarðsjá gaf til kynna að langeld væri að finna. Við vorum, auk mín, Sandra Sif og Sonja Schäfer fornleifafræðingar.

Mældi staðinn í Ísn 93 til að fá betri mælingu. E 544114 N 369429. Skekkjumörk 5 m. Hæð yfir sjávarmáli var 175 m.

Á 0,5 m dýpi var 1362 lagið. Um 0,5 - 1 sm á þykkt.

2 m S af 1. prufuholu tók ég prh. í vegg 1 x 1 m. SV - hornið var 3 m sunnar. Þegar komið var niður um 1,17 m var hætt að grafa og sniðið hreinsað.

2 sýni úr prh. 2. Þar er niðurgrafið utan við vegg. Gæti það verið í tenslum við dyr sem eru nokkra metra í NV?

Í prh. 1 voru 3 sýni tekin, 2 úr gólfí og 1 úr meintu seti. Var það rauðbrún mól eða sandur sem virðist aðflutt = set? [sjá mynd 8].

Gólfíð var nánast horfið í NV = langeldur í SA?

Ofan við gólfíð var býsna tíðindalaust hvað gjósku varðar eða þar til ljósgráa lagið kom (1206?).

Við sáum ekkert lag sem gat minnt á E 934.

Gólfíð var mest um 1,5 sm. Í því voru viðarkol, brennd bein, sót og aska. Var það lagskipt.

29. júlí.

Holurnar voru að mestu grafnar. Þegar gengið hafði verið frá holunum, þeim lokað og tyrft yfir var staðurinn yfirgefinn. Þá birtist Þorvaldur jarðfræðingur, en honum hafði seinkað vegna óhapps á Vatnajökli. Snérum við þá við og skoðuðum snið við árbakka Merkurár, sem rennur steinsnar austur af rústinni. Þar sýndi hann okkur landnámslagið, Eldgjá 934 og 1206 m. a. gjóskulaga. Lá þá ljóst fyrir að veggur skálans var ofan á landnámslaginu, en hvergi sást E 934, nema ef vera skyldi að það væri í veggnum sjálfum.

6 Heimildir:

Beta Analytic Inc. Florida. C-14 greining á sýni Beta-223444 og 236719.

Bjarni F. Einarsson. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík 1995.

Fornleifaskrá. Gagnagrunnur Fornleifafræðistofunnar.

Horsley, Timothy J. Bréf vegna úrvinnslu á viðnáms- og segulmælingum á Heiði á Síðu, feb. 2003.

Kristján Mímisson og Sandra Sif Einarsdóttir: *Heiðarbýlin. Skráning og uppmæling fornminja á heiðunum á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu*. Rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2005.

Edinborg, 12 mars 2008

Fylgiskjal með umsókn Bjarna Einarssonar
(c/o Fornleifafræðistofan) í Fornleifasjóð



SCHOOL of GEOSCIENCES

**The University of Edinburgh
Grant Institute of Earth Science
West Mains Road
Edinburgh EH9 3JW**

Frá: Dr. Þorvaldi Þórðarsyni, Edinborgarháskóla,

**Tel 0131 650 8526
Fax 0131 668 3184**


Kæri Fornleifasjóður og umsagnarmenn

Ég, undirritaður, staðfesti með þessu bréfi staðfesta að umrætt verkefni er samvinnu er samvinnuverkefni á Fornleifafræðistofunna og eldfjallafræðihópsins sem ég stýri við Edinborgarháskóla. Við munum sjá um að setja upp gjóskulagatimalið fyrir sögulegan tíma á rannsóknarsvæðinu (sbr. meðfylgjandi mynd), ásamt gjóskulagagreiningum og öðrum athugnum sem tengjast gossögunni.

Virðingfyllt

Dr. Þorvaldur Þórðarson

School of GeoSciences, The University of Edinburgh
Grant Institute, the Kings Buildings West Mains Road, Edinburgh, EH9 3JW, UK
e-mail: thor.thordarson@ed.ac.uk; Ph: +44 (0) 131 950 8526



Söguleg gjóskulög í Vestur-Skaftafellssýslu.
Site 1: Leiðólfsfell, Site 2: Kirkjubæjarheiði,
Site 3: Hrifuneshólmur.
Mikilvægustu gjóskulöggin fyrir þessa
rannsókn eru E-934 (Eldgjá) og S-870
(Vatnaöldur).

Geophysical surveys at the “Hall on the Heath”, 27th June 2002.

Preliminary Results

T.J. Horsley, Department of Archaeological Sciences, University of Bradford. UK.

Introduction

Geophysical surveys were carried out at a newly discovered archaeological site on heath land north of Kirkjubæjarklaustur in June 2002, as part of a broader assessment of archaeological prospection techniques in Iceland. Previous research at other sites in 1999 and 2001 has demonstrated the effectiveness of magnetometer and earth resistance techniques for such prospection in Iceland (Horsley & Dockrill, 2002; Horsley, 1999), and the aim of this current work is to better understand the reasons for the results obtained.

Geophysical prospection techniques can be employed to locate and identify buried archaeological remains by detecting a contrast between archaeological features and the natural surroundings. This is achieved by taking measurements of a particular physical property at regular intervals above the ground, thereby building up a horizontal plan of the variation in this property. If anomalies are detected it is then necessary to interpret the causes of these, often with the aid of dedicated computer processing packages to enhance the images produced.

For this current research a number of sites are being targeted for geophysical survey, in order to assess the potential of these methods for different archaeological feature types in a variety of geological and geomorphological situations.

The site

Mr. Júlíus Oddson from Mörk, V. Skaftafellssýsla had recently reported observing low earthworks on the heath, centred on 63° 49.556N, 18° 06.246W. Although slight, the westernmost remains appear to be of a structure 18m by 6m, with walls that curve out slightly – a characteristic feature of the Viking *skáli* or longhouse, but also similar to the plan adopted by other farm buildings from this period.

Additional low banks on the eastern end of the long structure might indicate the remains of further rooms or structures, as indeed might other small portions of bank in the immediate vicinity.

Geophysical surveys were undertaken over the area of the visible earthworks in an attempt to better define and characterise the remains, and thereby assess the applicability of the techniques for the prospection of such archaeological features.

The site is situated in the middle of open heath. The bedrock in the region is predominantly basalt, dating to the Upper Pliocene and Lower Pleistocene (0.8-3.3 million years ago) (Natturufraedistofnun Islands 1998). An auger core taken at a distance from the visible remains revealed that the soil contained many distinct horizons of black sand, most likely aeolian in origin. The bedrock was below the maximum auger depth of 1.3m.

Methodology

A grid of four 20m squares was established to contain the visible remains. Each square was then surveyed using a Geoscan RM15 earth resistance meter and a Geoscan FM36 fluxgate gradiometer. Recordings of resistance were made at 0.5m intervals along traverses 1.0m apart, employing the twin probe configuration with a 1.0m mobile probe separation. For the gradiometer survey readings were taken at 0.25m intervals along traverses 0.5m apart.

Both instruments incorporate built-in data loggers, and after the survey the digital measurements are downloaded onto a laptop computer for data processing using the *Geoplot 3.00* software.

Results

As stated in the introduction, these surveys on the Heath form part of an assessment of archaeological geophysics in Iceland and therefore require direct feedback from excavation to accurately reveal the causes of the anomalies detected. However, based on results to date it is possible to make some statements about the data.

Due to the limited success of the earth resistance method only the two of the four grids of magnetometer data are presented in Figure 1 for discussion here. The raw data was found to benefit from the application of a High Pass (Gaussian) filter to reduce the intense magnetic effects of the geology. These are visible in the raw data (Fig. 1a), and are commonly seen in magnetometer data from other sites in Iceland. The data have also been interpolated to produce a smoother image.

Immediately clear in the magnetometer data is the distinctive shape of a structure with bowed walls, detected as a rectilinear positive magnetic anomaly [1]. It is about 16m in length and 5m wide internally, with walls around 1m in thickness. This coincides exactly with the low earthworks visible on the surface and is therefore thought to relate to the buried archaeology. The anomalies are interpreted as being due to magnetic material, such as the windblown sand common in this region, contained with turfs used in construction of walls. Other linear anomalies have been detected that can also be related to the slight banks visible in the field, although these are less clearly defined. Some appear to indicate the presence of additional structure on the eastern end, [2], about 4m by 6m internally, with an even smaller cell outside this to the east at [3].

Roughly 2m north of the main structure itself is a single linear positive anomaly around 10m in length, [4]. This is probably due to another buried turf wall creating a structure tacked on the side of [1].

West of the main structure at [5] is a cluster of these positive magnetic anomalies, probably the response to further buried turf walls in this position although it is unclear what sort of structure these might form.

At [6] are two very short portions of these anomalies interpreted as being due to turf walls. These coincide with the position of [7] and their association is discussed below.

Most interesting in the data are the three discrete intense magnetic anomalies that appear to be associated with the earthwork remains. Two of these, [7] and [8] are dipolar in nature, and therefore each is interpreted as being due to a buried magnetic rock, such as basalt.

The third anomaly, [9] is less intense and has been detected as only a positive enhancement, and could either be due to a buried rock under this position, however it is known that heating of soil material may also produce magnetic enhancement such as this.

A smaller anomaly at [10] may also be due to a rock, although its relationship to the rest of the archaeology is unknown.

A few linear negative anomalies can be identified running throughout the data, and coincide with periglacial cracks noted during the course of surveying. They are therefore interpreted as being due to these cracks and not archaeological in origin.

Discussion

These results are very exciting, since not only is it easy to identify wall anomalies forming the classic Viking longhouse shape, but also the positions of discrete intense anomalies due to buried rocks confirm the interpretation of these remains as a *skáli*. Two of these lie within what are interpreted as doorways: one main entrance to the longhouse in the western end of the southern wall (where it is possible to make out some sort of porch formed by the turf walls), and one leading from the main hall to an additional structure on its eastern end. A third discrete anomaly, less intense than the other two may indicate the presence of another stone or stones, but could also be produced by magnetic enhancement of the soil due to heating. Either way, the position of this anomaly close to the centre of the main structure strongly suggests that this is due to a fireplace, and indicate the use of this building as a dwelling.

Further structures have been detected added onto the eastern end of the *skáli* and along the outside of the northern wall, and probably on the western end.

Dating of archaeological features from the results of geophysical surveys can often be undertaken by comparison of anomaly forms with excavated sites. However, it is usually impossible to provide any information about the phasing within a site. Here at the Hall on the Heath, it is possible that not all the detected features date from the same time: the relationship between the various structures is unknown; and it is possible that the fireplace might indicate secondary use of a structure that had not previously been occupied.

As stated above, only excavation can reveal the true causes of these anomalies, and it is recommended that a trial excavation be undertaken to confirm the interpretation given here. Such investigations could also provide valuable dating evidence to determine not only the age of the remains, but might also indicate phases and possible re-use of the structure.

Acknowledgements

This work is being undertaken by T.J. Horsley as part of a NERC funded Doctoral Research Programme with the Department of Archaeological Sciences, University of Bradford, UK, in collaboration with Fornleifastofnun Íslands and NABO.

Geophysical investigations of this site were made possible through collaboration with Bjarni Faust Einarsson, and thanks also go to Júliús Oddson for access and to the site.



The author would also like to thank Dr. Roger Walker for loaning the *Geoplot* data processing package for the duration of this research.

References

- Horsley, T.J. (1999). *A preliminary assessment of the use of routine archaeological prospection techniques for the location, interpretation and characterisation of buried remains in Iceland*. Unpublished MSc Dissertation thesis. University of Bradford.
- Horsley, T.J. and Dockrill, S.J. (2002). A preliminary assessment of the use of routine archaeological prospection techniques for the location, interpretation and characterisation of buried remains in Iceland. *Archaeologica Islandica* 2, 10-33.¹

¹ Horsley skrifaði doktorsritgerð um þetta efni við háskólann í Bradford og þar koma fleiri upplýsingar fram um verkefnið í heild sinni og vinnuna á Heiði. Ritgerðin hefur ekki verið gefin út.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>		<i>Sveitarfélag</i>		<i>Tákntala</i>		<i>Hverfi</i>		<i>Adalnr.</i> 11	
Vestur - Skaftafellssýsla		Skaftárhreppur		8509					
<i>Landareign</i>			<i>Nr</i>		<i>Heiti</i>			<i>Undirnr.</i> 1-2	
Geirland					Heiði				
<i>Skrásetjari</i>		<i>Dags.</i>		<i>GPS Staðsetning</i>		<i>Viðmiðun</i>		<i>M.y.s.</i>	
Bjarni F. Einarsson		27.06.2002		E 544114 N 369429		Isn 93		175	
<i>Tegund minja</i>				<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>		<i>Verk</i>		<i>Fjöldi</i>	
Eyðibýli								2	
<i>Hættumat</i>		<i>Hætta</i>		<i>Astand</i>		<i>Aldur</i>		<i>Í eyði</i>	
Skríður		Lítill		Ágætt		-1550			
<i>Minjagildi</i>		<i>Einkunn</i>		<i>Varðveishugildi</i>		<i>Einkunn 2</i>		<i>Friðlýsa?</i>	
Hátt								Nei	
								<i>Friðlýst?</i>	
								Nei	
								<i>Hvenær</i>	
								-	
<i>Lega og staðhættir</i>					<i>Heimildir og munnmæli</i>				
Á þurrum lágum hól austan við mýri og ca. 100 m NV af á. Ca. 200 m A af línuvegi. Á Geirlandsheiði í haga.					Engar.				
<i>Lýsing</i>					<i>Teikning/ljósmynd</i>				
Eyðibýli. Eyðibýlið liggur í dálitlu dalverpi ofan og vestgan við Merkurhlák, vestan undir hæðardrögum er Smalaskáli heitir. Rústírnar tvær eru á lágum hól sem er þurrlendur. Fleiri rústir sjást ekki, en allar líkur á því að þær séu fleiri, en einhverjar gætu hafa lent undir skriðu úr hlíðinni norðan og vestan við rústírnar. Rústírnar eru greinilegar all fornar. Engin munnmæli eru til um rústírnar og þær alveg óþekktar fram að þessu.									
Býlinu hefur verið gefið nafnið Heiði . Á efri myndinni má sjá þurrlandan (gráleitan) hólinn sem rústírnar eru á. Sami lági hól sést á neðri myndinni.					<i>Ljósmynd</i> 				
<i>Athugasemdir</i>					<i>Ljósmyndari</i>				
Júlíus Oddsson á Mörk fann rústírnar fyrstur manna nýverið. Hluti af svæðinu var viðnáms- og segulmæld af Jim Horsley þann 27/6 2002. Niðurstaðan sýndi, svo ekki verður um villst, að þarna er forn skáli, með langeldi, bæjarhellu og viðbyggingum. Býlið hefur fengið nafnið Heiði hjá skrásetjara.					Bjarni F. Einarsson				
					<i>Filma nr./teg. myndar</i>				
					Olympus C2040zoom				

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i> 11
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		
<i>Landareign</i>	<i>Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i> 1
-		Heiði		

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekka</i>
Bjarni F. Einarsson	27.06.2002	E 544114 N 369429	Isn 93	175	5

<i>Tegund minja</i>				<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>		<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>
Skáli							1
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Merkja?</i>
Skriður	Lítill	Ágætt	-1550				Já
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>		<i>Friðljáa?</i>	<i>Friðljóst?</i>	<i>Hvenær</i>
Hátt					Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Á þurrum lágum hól austan við mýri og ca. 100 m NV af á. Ca. 200 m A af línuvegi. Í haga.

Heimildir og munnmæli

Engar.


Lýsing

Skáli.

9 x 25 m langur (NV - SA). Sjálfur skálinn, án viðbygginga, er 7,5 m breiður og ca. 19 m langur. Veggir úr torfi, ca. 2 m breiðir og 0,3 - 0,4 m háir. Allavega tvö hólf eru á rústinni (A og B). Hólf B er við suðurgafli hólfs A og er nokkuð breiðara en skálinn. Gólf þess virðist lítillgelga grafið niður. Dyr eru trúlega á hólfi B til norðurs, út úr því. Dyr á hólfi Við NV vegg skálans er trúlega annað hólf (C á teikningu) og jafnvel hólf við SA endan. Viðnáms- og segulmæling virðist styðja að svo sé.

Prufuhola var grafin í rústina og viðarkol tekin. Greining á þeim sýndi að húsið er frá 10. öld.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus C2040zoom

Athugasemdir

Júlíus Oddsson á Mörk fann rústimar fyrstur manna nýverið. Rústin var viðnáms- og segulmæld af Jim Horsley þann 27/6 2002. Niðurstaðan sýndi, svo ekki verður um villst, að þarna er forn skáli, með langeld, bæjarhellu og viðbyggingum.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Adalnr.</i> 11
Vestur - Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		
<i>Landareign</i>	<i>Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i> 2
		Heiði		

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekka</i>
Bjarni F. Einarsson	27.06.2002	N 63°49,48 W 018°06,13	WGS 84		<10

<i>Tegund minja</i>				<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>		<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>
Rúst (smiðja?)							1
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Timab. hættumat</i>	<i>Timab. hætta</i>	<i>Merkja?</i>
Skríður	Lítill	Ágætt	-1550				Já
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveishugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>		<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>
Hátt					Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Vestan í þurrum lágum hól austan við mýri og ca. 100 m NV af á. Ca. 200 m A af línuvegi, 21 m SSA af skála. Í haga.

Heimildir og munnmæli

Engar.

Lýsing

Rúst.

5,5 x 6 m (NNA - SSV). Veggir úr torfi (og grjóti?), ca. 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,3 m háir. Dyr snúa mót SSV. Gólf rústarinnar er grafið niður og inn í bakkann.

Rústin er vel gróin grasi og mosa.

Hér gæti verið smiðja eða jarðhýsi.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus C2040zoom

Athugasemdir

Július Oddsson á Mörk fann rústirnar fyrstur manna nýverið. Rústin var viðnáms- og segulmæld af Jim Horsley þann 27/6 2002. Niðurstaðan var óljós.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Adalnr.</i> 19
Vestur-Skaftafellssýsla	Skaftárhreppur	8509		
<i>Landareign</i>	<i>Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i> 1
Sólheimar				

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekka</i>
Bjarni F. Einarsson	11.07.2006	N 63°46,041 W 017°55,972	WGS 84	-	9

<i>Tegund minja</i>					<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>		<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>
Rúst					Skáli			1
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>		<i>Merkja?</i>
Ekkert	Engin	Ágætt	-1550		Ekkert	Engin		Já
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>		<i>Friðlysa?</i>	<i>Friðlýst?</i>		<i>Hvenær</i>
Hátt	8,5	Hátt	8		Já	Nei		-

Lega og staðhættir

Á sandöldu skammt suður af landamerkjum Eystri Dalbæjar og Sólheima. Í skógrækt.v

Heimildir og munnmæli

Engar.

Lýsing

Rúst.

7,5 x 18 m (A - V). Veggir úr torfi, um 2 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir. Þeir eru vel grónir mosa og grasi. Ekki sjást neinar dyr.

Við eystri endan gæti verið um 6 m löng viðbygging.

Í miðja rústina var grafin prufuhola, 1 x 1 m á stærð. Sýndi hún að gólfíð er á um 2 m dýpi og að rústin hefur færst um 2,5 m til suðurs þegar sandurinn hefur orpist um hana.

Grafið var í skálann og viðarkolasýni tekið. Reyndist skálinn vera frá því um 900 AD.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7000

Athugasemdir

Fleiri rústir eru á svæðinu, en þær voru ekki skráðar.